



GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð 2026

1. gr.

Sveitarstjórn Strandabyggðar er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs sbr. 10. gr. samþykktar nr. 438/2025 um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem birtar eru í fasteignamati sem og óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnæði. Sorpgjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur grenndarstöðva. Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Strandabyggðar og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2.gr.

Allir fasteignaeigendur í sveitarfélaginu Strandabyggð taka þátt í föstum kostnaði við meðhöndlun úrgangs. Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar í Strandabyggð greiða sömuleiðis árlegt fastagjald sem ætlað er til að taka þátt í rekstri grenndar- og söfnunarstöðva en greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá og/eða samningi við þjónustuaðila. Með greiðslu fastagjalds er rekstur grenndarstöðva Strandabyggðar tryggður. Þar er tekið við úrgangi sem skilgreindur er gjaldfrjáls sem og úrgangur sem ber úrvinnslugjald t.d. textíl, málmumbúðum og glerumbúðum. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta ákveðið gjald á hverja fasteignareiningu til að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins af viðkomandi þjónustu sbr. 3.mgr 23.gr. laga nr. 55/2003.

Sorphirðu-og úrvinnslugjald þ.e. árlegt fastagjald í Strandabyggð er sem hér segir:

- a. Íbúðir í þéttbýli kr. 35.000
- b. Sumarhús í dreifbýli kr. 25.000
- c. Lögbýli kr. 35.000
- d. Fyrirtæki og rekstraraðilar 35.000

3.gr

Innheimt er tunnugjald vegna losunar úrgangs við heimili. Úrgangur sem safnað er við heimili er plast, pappír/pappi, óflokkanlegur heimilisúrgangur og lífúrgangur. Æskilegt er að sorptunnur séu staðsettar við framanvert hús og mikilvægt að gæta þess að aðgengi við losun sé ætíð sem best. Mikilvægt er að moka snjó frá sorptunnum að vetri. Tunnufestingar skulu vera þannig að auðvelt sé að losa þær og festa aftur. Ef tunnur eru lengra en 10 metra frá hirðubíl er innheimt hærra gjald fyrir losun. Tunnur skulu ekki fylltar meira en svo að þeim sé hægt að loka. Yfirfullar tunnur verða ekki losaðar og er fólki bent á móttökustöð.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Lífúrgangi verður safnað í fötur og safnað vikulega í þéttbýli. Gæta skal þess að fötur séu staðsettar við lóðamörk á auglýstum söfnunardegi í sorpdagatali. Einnig er hægt að skipta lífúrgangsfötum á opnunartíma móttökustöðvar. Um tilraunaverkefni er að ræða og útfærsla gæti breyst.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu er kr. 4000 í hvert sinn sem óskað er breytinga. Á það við um breytingu á íláti/tunnum, viðbótarílát eða breytingu á skráningu, svo sem samnýtingu á tunnum/ílátum. Ósk um breytingar eru tilkynntar á skrifstofu Strandabyggðar.

Nánari leiðbeiningar varðandi flokkun eru birtar á heimasíðu Strandabyggðar og í 5. gr. samþykktar nr. 438/2025 um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð. Sorphirðudagatal er birt á heimasíðu Strandabyggðar. Auka hirðing skv. skráningu þjónustuaðila eru kr. 15.000 auk akstursgjald í dreifbýli skv. gjaldskrá þjónustuaðila.

Tunnugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum og er um árlegt gjald að ræða skv. neðangreindri töflu.

Sorpílatgjald	stærð	losun	ílát <10 mtr frá hirðubíl	ílát >10 mtr. frá hirðubíl
Blandaður úrgangur	240 ltr	6 vikna fresti	40,000	55,000
Blandaður úrgangur	660 ltr	6 vikna fresti	100,000	125,000
Pappír og pappi	240 ltr	6 vikna fresti	9,000	12,000
Pappír og pappi	660 ltr	6 vikna fresti	25,000	40,000
Plastumbúðir	240 ltr	6 vikna fresti	9,000	15,000
Plastumbúðir	660 ltr	6 vikna fresti	25,000	40,000
Lífúrgangur	5.7 ltr	vikulega e. hverfum	15,000	
Lífúrgangur	32.6 ltr	vikulega e. hverfum	35,000	

Hægt er að sækja um niðurfellingu á gjaldi vegna lífúrgangs á skrifstofu Strandabyggðar ef notast er við aðrar viðurkenndar leiðir til förgunar lífúrgangs. Í þeim tilfellum verður lífúrgangur ekki sóttur á viðkomandi heimili.

4.gr.

Fyrirtæki, stofnanir og rekstraraðilar geta samið við þar til bærar aðila um að annast sorphirðu á þeirra vegum sem hefur tilskilin leyfi og réttindi til flutnings á úrgangi til förgunarstaðar. Þjónustuaðili Strandabyggðar, sem er Sorpsamlag Strandasýslu, getur tekið að sér að annast

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

sorphirðu fyrir fyrirtæki og stofnanir gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá. Greitt er fyrir gjaldskyldan úrgang á móttökustöð Sorpsamlagsins. Nánari skýringar eru í 7. gr. samþykktar nr. 438/2025 um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð.

- a. Móttökustöðin er vöktuð með myndavélum. Ef viðkomandi losar úrgang án greiðslu verður innheimt með reikningi á eigenda bifreiðar.
- b. Óheimilt er að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi og er sveitarfélaginu heimilt að beita viðeigandi viðurlögum.

5. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem skilað er. Innheimt er skv. gjaldskrá þjónustuaðila. Borgað eins og hent er.

6. gr.

Sorpeyðingargjald vegna dýraleifa er lagt á alla aðila með dýrahald. Gjaldstofn er reiknaður út frá bústofnsskýrslum Matvælastofnunar.

- a) Nautgripir 1.400 kr./grip
- b) Sauðfé 170 kr./grip
- c) Hross 300 kr./grip

Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum 1. október ár hvert. Dýraleifar eru sóttar á auglýstum dögum á heimasíðu Strandabyggðar haust og vor. Bændur tilkynna um dýraleifar til Sorpsamlags Strandasýslu sem heldur utan um skráningu og sækir á auglýstum dögum.

7.gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 16. desember 2025, staðfestist hér með 10.gr. samþykktar nr. 438/2025 um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð og samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi, um leið fellur gjaldskrá um sorphirðu í Strandabyggð nr. 206/2024 úr gildi.

*Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 16. desember 2025
Gjaldskrá gildir frá og með 1. janúar 2026.*

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Þorgeir Pálsson sveitarstjóri

Slóð á samþykktina sem liggur til grundvallar

<https://island.is/stjornartidindi/nr/2bf5256e-5f19-4161-a342-cc50688f1b26>

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SÍMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS